

2 eigi að neyta óblandaðs, — en vottorð hreppstjórans í Þingeyrarhreppi getur
28. jan. eigi orðið tekið til greina í þessu efni, — virðist það rjett að þjer hafið heimt
toll af bitter þessum eptir áðurnefndum lögum frá 1899.

3
28. jan. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Isafjarðarsýslu um endurborgun á tolli.** — Með brjefi, dagsettu 7. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað erindi frá forstöðumanni Á. Ásgeirssonar verzlunar á Þingeyri, þar sem hann beiðist endurborgunar á ofgreiddum tolli af exportkaffi.

Málið er svo vaxið. Eptir tollskrá gufuskipsins »Ceres« fluttist til Flateyrar síðast í október 1899 857 pd. af kaffibæti; þessi sending var lögð á land á Ísafirði, og tollurinn greiddur þar af 857 pd. kaffibætis af verzlunarstjóra Á. Ásgeirssonar verzlunar á Ísafirði. Síðan var sending þessi flutt til Flateyrar með öðru gufuskipi. Þegar verzlunarstjóri Á. Ásgeirssonar á Isafirði greiddi tollinn, virðist hann eigi hafa haft annað fyrir sjer en reikning frá yður, en þessi reikningur var saminn eftir tollskránni. Síðan hefir það komið í ljós, að í hinni umræddu sendingu, sem eptir vöruskrá skipsins og vottorði afgreiðslumanns þess var að þyngd 452 pd brutto, áttu að vera 412 pd. netto af kaffibæti.

Með því að það þannig virðist mega telja sannað, að í hinni umræddu sendingu hafi að eins verið 412 pd. af kaffibæti, og að ofkrafinn sje þá tollur af 445 pd. kaffibætis, virðist rjett að hin ofborgaða tollupphæð, 44 kr. 50 a., verði, eins og þjer leggið til, endurborguð, og færð til útgjalda í aðflutningsgjaldsreikningi yðar, að frádregnum 2%.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

Reglugjörð

4
2. jan. **um viðurværi skipshafna á íslenzkum skipum, svo og um það, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim.**

Samkvæmt fyrirmælum 71. greinar í farmannalögum 22. marzm. 1890, er hjer með sett reglugjörð sú, sem hjer fer á eptir, um viðurværi skipshafna á íslenzkum skipum, svo og um það, hver læknislyf skuli á skipi vera, og hve mikið af þeim.

1. Um viðurværi skipshafna.

Vikuskammtur fyrir hvern mann skal vera:

7 pd. af brauði, skönroki eða hörðum hveitikökum.

3 pd. af saltkjöti hráu, til þriggja daga.

1½ pd. af söltu fleski hráu, til tveggja daga.

1 pd. af saltfiski eða hörðum fiski, til tveggja daga.

1 pd. af smjöri.

1½ mörk af bygggrjónum í graut eða grjónasúpu.

1³/₄ merkur af baunum.

³/₄ pd. af þúðursykri í kaffi og tevatn.

¹/₄ pd. af kaffi.

4 kvint af telaufi.

7 pottar af öli.

Mustarði, salti, ediki, sykri eða sírópi, svo og svezkjum eða rúsinum í grjónasúpu skal útbýta hæfilega. Jarðepli eða kálmeti, nýtt eða þurkað, skal gefa að minnsta kosti tvisvar í viku, bæði þegar skipið er við land og í rúmsjó.

Nýtt kjöt skal gefa að minnsta kosti tvisvar í viku, þegar skipið liggur við land, og er skammturinn af því þá 1 pd. kjöts í hvort skiptið. Þegar skipið er í sjó, skal að minnsta kosti einu sinni í viku gefa skipshöfninni nýtt kjöt, jafnstóran skammt og áður segir, eða niðursoðið kjötmeti, ef hitt er eigi til, og skal af því skammta 50 kvint af beinlausu kjöti eða 50 kvint af kraftsúpu, er sje þynnt með vatni svo, að nemi mörk af súpu á mann. Þegar nýtt kjötmeti er skammtað, fellur burt sá skammtur af saltkjöti, fleski eða saltfiski, sem annars hefði átt að gefa. Þegar nýr fiskur er fyrir hendi, má fella burt hinu fyrirskipaða skammt af nýju kjötmeti einu sinni í viku.

Allur vistaförði skipsins skal við byrjun ferðar vera óskemmdur, hollur og vel með farinn, og skal hann vera svo ríflega til tekinn, að ekki geti komið til þess að neitt vanti af því, sem fyrirskipað er, á þeim tíma, sem ætla má að ferðin standi yfir.

Frá framangreindum ákvörðunum má gjöra þær undantekningar, er nú skal greina.

Brauð. Í staðinn fyrir 7 pd. af hörðum hveitikökum mega koma 7 pd. af hörðu, svörtu »kexi« eða 10¹/₂ pd. af mjúku rúgbrauði eða 7 pd. af mjúku hveitibrauði.

Flesk. Ef flesk fæst ekki, mega í stað 1¹/₂ pd. af því koma 2 pd. af saltkjöti.

Smjör. Fari svo, að smjör gangi upp, og ekki sje hægt að fá smjör aptur, mega í þess stað koma 2 pd. af sykri eða 2 pd. af fleski eða 50 kvint af viðsmjöri með ediki eptir þörfum.

Bygggrjón. Vanti þau, má í staðinn koma jafn mælir hrisgrjóna.

Baunir. Ef gular baunir vantar, má viðhafa aðrar baunategundir í þeirra stað.

Öl. Á stuttum ferðum eða á ferðum í norðlægum höfum, þar sem öl getur lengi haldist óskemmt, skal jafnan vera nægilegt af því handa skipshöfninni á verzlunarskipum, nema ófyrirsjedar hindranir sjeu því til fyrirstöðu. Sje ölið upp gengið, og skipið státt á stöðum, þar sem vín fæst, svo sem á Frakklandi, Spáni, Portúgal og alstaðar við Miðjarðarhafið, skal hver maður fá hálfu mörk af víni í stað öls. Í rúmsjó eða á stöðum, þar sem vín er ekki alþýðudrykkur, skal í staðinn fyrir pott af öli koma blanda úr vatni og ¹/₁₀ hluta úr potti úr frönsku brennivíni eða rommi með 3 kvintum af sykri eða þá ¹/₁₆ potts af brennivíni með miðdegisverði.

4 Brennivín skal að öðru leyti að eins gefið, þegar skipstjóra þykir ástæða
2. jan. til, svo sem þegar vout er veður, vinna ströng eða loptslag erfitt, hvort sem það er of kalt eða heitt.

Neyzluvatn. Þegar skip fara langferðir, skulu þau hafa neyzluvatn í vatnskössum úr jární. Á stuttum ferðum og þar sem kalt er í veðri má að vísu nota trjeilát, en þau skulu þá jafnan vera brennd að innan; að öðrum kosti verður að sía vatnið og hreinsa, áður en þess er neytt.

Ef einhver matartegund gengur upp sökum þess, að ferð tefst óvenjulega lengi, skal gefa skipshöfninni af annarri tegund í stað þeirrar, sem upp er gengin, svo sem grjón fyrir baunir eða baunir fyrir grjón, og skal skipshöfnin láta sjer það lynda.

* * * *

Á skipum, sem eru í förum hafna á milli innanlands eða ganga til fiskiveiða við strendur landsins, má í stað hins framangreinda haga viðurværinu þannig, að hverjum manni sje útblutað til hvernar viku:

7 pd. af skonroki eða í þess stað

9 pd. af rúgbrauði.

2 pd. af saltkjöti.

1½ pd. af smjöri.

½ pd. af kandíssykri.

½ pd. af púðursykri (í tevatn).

¼ pd. af kaffibaunum.

5 kvint af kaffibæti.

6 kvint af telaufi

og skal þá auk þess gefa eldaðan miðdegisverð, sem hjer segir:

2 daga góðar baunir með ¼ pd. af fleski á mann hvorn daginn.

2 daga graut með hæfilegum púðursykri eða sírópi, annan daginn úr bankabyggi en hinn úr hrisgrjónum.

1 dag nýjan fisk og jarðepli eða saltfisk, ef nýr fiskur fæst ekki.

1 dag nýja fiskisúpu (bættá á venjulegan hátt); sje nýr fiskur ekki til, þá nýja kjötsúpu, og vanti nýtt kjöt, þá saltkjötssúpu með kjöti, sem á að vera ¼ pd. á mann, vegið hrátt.

1 dag sætsúpu eða kálmetsúpu.

Ennfremur skulu hásetar fá soðinn fisk til mála eptir þörfum, þegar nýr fiskur er til, en ekki eiga þeir þá rjett á jarðeplum.

Graut, baunir og súpur til miðdegisverðar skal gefa eptir þörfum og hæflega mikið af ediki, mustarði og pipar, svo og svezkjur í sætsúpu.

Það skal vera á valdi skipstjóra, að draga af og gjöra breytingar á ofangreindu matarhæfi, ef hann álitur þess þörf sökum þess, að útlit sje fyrir, að útivistartími skipsins verði af óvæntum ástæðum lengri en til var ætlað, svo að matarskort geti að höndum borið.

Um ásigkomulag matvælna við byrjun ferðar og um ríflegleika þeirra gildir hið sama og áður er fram tekið í reglugjörð þessari; einnig það sem sagt er um brennivín og neyzluvatn.

2. Um lyf og lækningaáhöld.

4

Lyfjakistill skal vera á skipi hverju, og skulu í honum vera lyf, umbúðir og áhöld, þau er hjer greinir: 2. jan.

a) Inntökulyf.

1. Laxerolía (Ol. ricini), 250 grömm.
2. Laxersalt (Sulfas magnes.), 300 grömm.
3. Rabarberdropar (Inf. rhei alkal.), 100 grömm.
4. Kamfórudropar (æther spir. camph.), 25 grömm.
5. Kínínskammtar (Sulfas chin. 0 30), 10 skammtar.
6. Dóversskammtar (Pulv. ipec. theb. 0.50), 15 skammtar.

b) ðUtvortis lyf, umbúðir og áhöld.

1. Klóróformolía (Chloroform., ol. oliv. *aa.*), 200 grömm.
2. Sápúspíritus (Spir. sap. camph.), 200 grömm.
3. Karbólsýra (acid. carbol. liqu.), 100 grömm.
4. Sárasmýrsl (vaselin. boric.), 50 grömm.
5. Enskur heptiplástur (Seric. adhæs.), 200 □ centim.
6. Umbúðaböggjar (sterile Kompresser og Bind), 10 (8 smáir, 2 stórir).
7. Baðmullarböggjar (steril Bomuld, gram 30), 5.
8. Silkiþráður, 2 álnir.
9. Sárasaumnálar, 2 misstórar.
10. Kloftöng (Pincet), 1
11. Svedja (Lancet), 1.
12. Skæri, 1.
13. Lásnælur (Sikkerhedsnaale), 10.
14. Þvaggþípa (elastisk Kateter), 1.

I hverjum lyfjakistli skal vera lækningabók handa sjómönnum, sú er löggilt er í Danmörku handa dönskum skipum. —

Jafnóðum og lyf eða umbúðir eyðast, skal bæta í skarðið svo fljótt sem til lyfjabúðar næst, og skal það aðgætt að minnsta kosti einu sinni á ári í lyfjabúð, að lyf og umbúðir sje óskemmd, og því fleygt er skemmt kann að vera.

* * *

Með reglugjörð þessari, sem öðlast gildi 14. maí 1901, er felld úr gildi reglugjörð um viðurværi skipshafna á íslenskum skipum, svo og um það, hver læknislyf skuli vera á skipi og hve mikið af þeim, dagsett 29. desember 1890. En um viðurværi á íslenskum skipum, sem ganga til þorskveiða við strendur landsins, gildir reglugjörðin frá 29. febr. 1896.

Reykjavík 2. janúar 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.